



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. Kormáks Axelssonar

Reykjavík 16. mars 2020

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

2003007SA AGB  
Málalýkill: 00.63

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta, 308. mál**

Með tölvupósti 3. mars sl. var komið á framfæri ósk allsherjar- og menntamálanefndar um umsögn sambandsins um ofangreint mál.

Tillagan felur í sér að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta. Sjóðurinn njóti árlegra framlaga af fjárlögum, auk þess sem stuðlað verði að þátttöku starfsgreina sjávarútvegsins í verkefninu. Sjóðurinn starfi á grundvelli áætlana sem gerðar verði til fimm ára. Í greinargerð er rakið að á Alþingi hafi ítrekað verið lagðar fram og jafnvel samþykktar tillögur til að styðja við varðveislu gamalla báta og skipa án þess að þær hafi náð að komast til framkvæmda.

Sambandið tekur undir með flutningsmönnum að það er þörf á að koma upp sérstöku stuðningskerfi til að stuðla að varðveislu skipa og báta sem hafa sess í atvinnu- og menningarsögu þjóðarinnar. Eins og staðan er í dag þá er fornminjasjóður eini opinberri sjóðurinn sem söfn og aðrir áhugamenn um varðveislu skipa og báta geta leitað til eftir fjárhagsstuðningi. Þar sem meginhlutverk sjóðsins er skv. 42. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum, eru umsóknir til viðhalds og varðveislu báta og skipa í mjög erfiðri samkeppni við umsóknir til fornleifarannsókna og -varðveislu. Sjóðnum berast tugir umsókna árlega og er aðeins hægt að styrkja brot af þeim verkefnum sem óskað er eftir styrkjum til. Það væri því mikil framför að setja á laggirnar sérstakt stuðningskerfi, eins og þessi tillaga felur í sér, til að stuðla að varðveislu og viðhaldi skipa og báta sem hafa sess í atvinnu- og menningarsögu þjóðarinnar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  


Anna G. Björnsdóttir  
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs